

Fundargerð 94. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á teams, 5. febrúar 2024, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Samtal um stefnur ríkisins
2. Borgarstefna
3. Tillögur norræna ungmennaráðsins

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR, mætti 13:30), Arnar Þór Sveinsson (HRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF, mætti 13:05), Daníel Svavarsson (FOR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN, fór af fundi 13:27), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:16) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) og Hafþór Einarsson (MRN).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Samtal um stefnur ríkisins.** Umræða frá fyrri fundum um að boða til fjarfunda um stefnur ríkisins í tengslum við gerð nýrra sóknaráætlana landshluta. Formaður greindi frá því að undirbúningur fundanna hafi leitt í ljós að hugmyndin væri of umfangsmikil og ekki endilega vænleg til að skila tilætluðum árangri. Lagði hún til að horfið yrði frá upphaflegu hugmyndinni en í staðinn horft til afmarkaðra málaflokka, verði þess óskað. Óskín gæti komið frá landshlutasamtökunum eða einstökum ráðuneytum. Fundarmenn tóku undir tillögu formanns. Fulltrúi landshlutasamtakanna upplýsir kollega sína á fundi þeirra síðar í vikunni.
2. **Borgarstefna.** Á vegum innviðaráðuneytisins er unnið að mótun borgarstefnu með það að markmiði að efla Reykjavík sem höfuðborg og Akureyri sem svæðisborg. Vinnan er á lokametrunum og hafði formaður sent umræðuskjal fyrir fundinn sem stefnt er að sett verði í samráðsgátt á næstu dögum. Umræður.
3. **Tillögur norræna ungmennaráðsins.** Framhald frá síðasta fundi. Formaður upplýsti að hún hefur verið í sambandi við íslensku fulltrúana í norræna ungmennaráðinu um að kynna tillögur ráðsins fyrir landshlutasamtökum sveitarfélaga, stýrihópnum og e.a. fleirum. Íslensku fulltrúarnir tóku vel í erindið og eru tilbúin til að kynna tillögur ungmennaráðsins um hvernig gera megi landsbyggðina meira aðlaðandi búsetukost fyrir ungt fólk. Formaður og fulltrúi landshlutasamtakanna munu leggja til tímasetningu fyrir fundinn, sem stefnt er að verði fyrir lok febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:36